



Umf. Sindri Aðalstjórn

**Aðalfundur 20. febrúar 2020
Ársskýrsla fyrir árið 2019**

Skýrsla Aðalstjórnar Sindra 2019

Ágæta stjórnarfólk, gestir og iðkendur félagsins hjartanlega velkominn á aðalfund ungmannafélagsins Sindra.

Nú er að hefjast 86 starfsári félagsins en hið 85 var viðburðaríkt að venju. Við í aðalstjórn hittumst 11 sinum á liðnu ári enda í mörg horn að líta. Aðalfundir voru í febrúar og þá eins og nú héldu allar deildir félagsins aðalfundinn saman hér í Heklu.

Við vígðum Heklu 1. mars með kaffiboði, ræðum og heiðrun félagsmanna. Að undangenginni nafnakeppni fékk húsið nafnið Hekla í höfuðið á Hótel Heklu sem hér stóð fyrir miðja síðustu öld. Það voru margir sem heiðruðu okkur með nærveru sinni við vígslu hússins og held ég að það sé almenn ánægja með húsið. Í því hefur verið talsverð starfsemi fyrir utan þá gistingu sem við erum með í því fyrir leikmenn og þjálfara deilda.

Sumarið gekk sinn vana gang en hápunktur þess var að sjálfsögðu unglíngalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina. Undirbúningur þess tók mikinn tíma á árinu eins og gefur að skilja, svo stórt verkefni verður ekki að veruleikan nema með samstilltu átaki samfélagsins alls og eins og máltækið segir „margar hendur vinna létt verk“ og eigið þið öll þakkið skilið. Mótið sjálf gekk í alla staði vel og var almenn ánægja með það bæði hjá heimamönnu og gestum.

Haustið fór í að klára samning við sveitarfélagið og held ég að allir hafi gengið þokkalega sáttir frá því borði, einnig fóru deildir yfir búningamál hjá sér, þar voru aðeins skiptar skoðanir en vonast ég til þess að allir séu sáttir með sitt

Rafíþróttadeild hóf starfsemi í september og hefur verið fín mæting á æfingar hjá þeim, það hafa verið 8-12 krakkar tvisvar í viku og hefur Guðjón Magnússon frá Hólmi séð um æfingarnar. Deildin fékk formlega inngöngu í Sindra í byrjun febrúar og bjóðum við nýja deild hjartanlega velkomna í félagið.

Ungmannafélagið Sindri varð 85 ára á árinu 2019 eins og fram var komið og buðum við Hornfirðingum í kaffi á afmælisdaginn 1. desember. Það vildi svo vel til að Tónskólinn hélt upp á 50 ára afmælið sama dag í Sindrabæ svo það varð talsverður gestagangur og komu meira að segja kökur úr því afmæli hingað yfir. Það vildi svo vel til að ég hitta bæði Albert og Jón Gunnar í afmælinu og við ákváðum að setja meiri þunga í að skrifa sögu Sindra. Fyrir um haustið hafði ég talað við Arnþór Gunnarsson um að skrifa sögu félagsins. Nú í janúar talaði ég svo aftur við Arnþór og fékk hann á fund ásamt Albert, Jóni Gunnari, Guðrúnu Ingólfs og Huldu Laxdal. Í stuttu máli tók Arnþór að sér að skrifa sögu félagsins og þetta fólk sem upp var talið ætlar að vera í ritnefnd ásamt mér og Gunnari Inga. Arnþór er í öðru verkefni eins og er og getur ekki set þúður í skrifin fyrir en í lok árs. Hann tjáði okkur að væri nánast klár með söguna til 1974. Hann tók svo viðtal við þá féлага Albert og Jón Gunnar nú í janúar til að mynda sér skoðun á því hvernig væri best að tækla framhaldið. Við hin eru líka að velta fyrir okkur efni og forvitnast um efni og myndir. Við höfum hugsað okkur að gefa sögu Sindra út í rafrænu formi en einhver félög og stofnanir hafa gert það. Þessi leið bíður upp á að við getum gert þetta eftir efnum og auðvelt er að hafa hlekki, ítarefni og bæta við efni ef finnst. Einnig er hægt að prenta út hátíðar eintök með einföldum hætti. Efnið yrði geymt í skýi til varðveislu.

Ársskýrsla aðalstjórnar Sindra

Engan aðalfund er hægt að halda nema að nefna aðeins bílana okkar. Það verður aldrei of oft áréttað hvað bílaútgerðin okkar er mikli búbót fyrir fjölskyldur á Hornafirði. Rekstur þeirra kostar stundum skildinginn en það er mín skoðun að þeim pening sé vel varið. Á árinu seldum við bíl og keyptum annan, stóri hvíti skemmdist og eru tryggingarnar að gera við hann. Við reiknum með að selja hann þegar hann verður aftur gangfær og eiga tvo 9 manna bíla og einn 14 manna.

Ég hef tekið þá ákvörðun að gefa ekki kost á mér í stjórn félagsins lengur, en eins og fyrr segir ætla ég að vera í ritnefnd félagsins. Það hefur verið gaman að vasast í stjórn Sindra en nú held ég að það sé gott fyrir félagið að fá nýtt fólk í stjórn, yngra fólk með ferskar hugmyndir. Ég hef verið viðloðin aðalstjórn Sindra í talsverðan tíma og er trúlag að verða svolítið staður. Um leið og ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, framkvæmdarstjóra og stjórnarfólki öllu fyrir samstarfið segi ég takk fyrir mig.

Ásgrímur Ingólfsson

Formaður UMF Sindra

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Tekjur og styrkir			
Rekstrarstyrkur Sveitarfélagsins.....	1.	13.636.000 kr.	11.550.000 kr.
Styrkur vegna mannvirkja.....		3.690.000 kr.	3.690.000 kr.
Rekstrarstyrkur v. fyrra árs.....		0 kr.	962.500 kr.
Landsmót (Sjoppa).....		3.339.486 kr.	0 kr.
Lottótekjur.....		2.816.818 kr.	2.617.330 kr.
Styrkir sem renna til deilda.....	2.	2.770.000 kr.	2.770.000 kr.
Seld bifreið.....		870.000 kr.	300.000 kr.
Aðrir styrkir.....		400.000 kr.	200.000 kr.
Uppgjör deilda v. 2017.....		0 kr.	1.978.227 kr.
Námskeið.....		269.761 kr.	0 kr.
Aðrar tekjur.....		240.500 kr.	279.877 kr.
	Samtals	28.032.565 kr.	24.347.934 kr.
	Samtals Rekstrartekjur	28.032.565 kr.	24.347.934 kr.
Rekstrargjöld			
Laun og launt.gj.....	1.	8.375.876 kr.	8.502.188 kr.
Laun og launt.gj. v. fyrra árs.....		702.945 kr.	0 kr.
Uppgjör deilda v. fyrra árs.....		0 kr.	452.291 kr.
Rekstrarkostnaður bifreiða.....	3.	1.576.598 kr.	2.580.308 kr.
Sjónvarp, sími og Internet.....	1./4.	0 kr.	219.455 kr.
Greitt vegna deilda.....		200.888 kr.	255.958 kr.
Námskeið.....		416.600 kr.	400.000 kr.
Greiddur LB. Styrkur 2017.....		0 kr.	400.000 kr.
Rekstur Skrifstofu.....	4.	474.332 kr.	252.483 kr.
Annar rekstrarkostnaður.....	5.	434.973 kr.	686.218 kr.
Notkun íþróttamannvirkja.....		3.690.000 kr.	3.690.000 kr.
Afskriftir.....	6.	1.339.800 kr.	363.225 kr.
Styrkir til deilda.....	7.	11.141.304 kr.	6.333.083 kr.
	Samtals	28.353.316 kr.	24.135.209 kr.
	Samtals rekstrargjöld	28.353.316 kr.	24.135.209 kr.
Rekstarhagnaður (-tap)		-320.751 kr.	212.725 kr.
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur.....		182.006 kr.	158.315 kr.
Vaxtagjöld.....		11.428 kr.	6.599 kr.
Fjármagnsskattur.....		40.042 kr.	33.177 kr.
	Samtals	130.536 kr.	118.539 kr.
Hagnaður (-tap) ársins		-190.215 kr.	331.264 kr.

Efnahagsreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Hafnarbraut 15 (47,6% hlutur).....	8.	28.005.680 kr.	28.005.680 kr.
Bifreiðar.....	8.	9.296.475 kr.	7.086.675 kr.
Áhöld og tæki.....	8.	440.000 kr.	440.000 kr.
Samtals		37.742.155 kr.	35.532.355 kr.
Veltufjármunir			
Kröfur vegna Ökunáms.....	9.	120.000 kr.	0 kr.
Kröfur á UMF. Mána.....		45.000 kr.	45.000 kr.
Kröfur á deildir v. 2019.....	10.	368.124 kr.	0 kr.
Kröfur á deildir v. 2018.....	10.	31.500 kr.	255.958 kr.
Kröfur á deildir v. 2016-2017.....	11.	724.293 kr.	724.293 kr.
Kröfur á deildir 2010-2015.....	11.	2.051.654 kr.	2.051.654 kr.
Innistæður á bankareikningum.....	12.	3.704.585 kr.	4.286.703 kr.
Samtals		7.045.156 kr.	7.363.608 kr.
Eignir samtals		44.787.311 kr.	42.895.963 kr.
Eigið fé og skuldir			
Skammtímaskuldir			
Launatengd gjöld v. Des.....		248.448 kr.	252.421 kr.
Samtals		248.448 kr.	252.421 kr.
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs.....		42.643.542 kr.	44.088.999 kr.
Rekstrarhalli/afgangur.....		-190.215 kr.	331.264 kr.
Endurmat.....		2.085.536 kr.	-1.776.721 kr.
Eigið fé í lok árs		44.538.863 kr.	42.643.542 kr.
Eigið fé og skuldir samtals		44.787.311 kr.	42.895.963 kr.

Skýringar ársins 2019

1. Textaskýringar

Greiðsla fyrir leikjanámskeið og 17. júní að hluta innifalið í rekstrarstyrk sveitarfélagsins

Styrkurinn frá Skinney 2018-2021 rann í kaup á félagsheimili 2017

Ferðasjóður ÍSÍ rennur beint til deilda félagsins

Fastafjármunir voru ekki afskrifaðir á árinu 2019

Laun og launatengd gjöld dálkar sameinaðir árið 2019

Afskriftir eru munur á bókfærðu virði og söluandvirði bifreiðar

2. Styrkir sem renna til deilda

	2019	2018
Landsbankinn.....	1.200.000 kr.	1.200.000 kr.
Olísstyrkur.....	800.000 kr.	800.000 kr.
Kartöfluhúsið.....	240.000 kr.	240.000 kr.
Hótel Höfn	530.000 kr.	530.000 kr.
Samtals:	2.770.000 kr.	2.770.000 kr.

3. Rekstur bifreiða

	2019	2018
Tryggingar.....	417.143 kr.	0 kr.
Viðgerðir.....	769.192 kr.	0 kr.
Dekkjakaup.....	148.000 kr.	0 kr.
Bifreiðargjöld.....	90.524 kr.	0 kr.
Annað.....	157.897 kr.	2.580.308 kr.
Samtals:	1.582.756 kr.	2.580.308 kr.

4. Skrifstofukostnaður

	2019	2018
Tryggingar.....	76.265 kr.	0 kr.
Mánaðargjald Posa.....	73.790 kr.	0 kr.
Auglýsingar.....	124.253 kr.	0 kr.
Fundakostnaður.....	52.377 kr.	0 kr.
Póstburðargjöld.....	18.198 kr.	0 kr.
Rekstrarvörur (tölvukerfi ofl.).....	129.449 kr.	0 kr.
Annað.....	0 kr.	252.483 kr.
Samtals:	474.332 kr.	252.483 kr.

5. Annar rekstrarkostnaður

	2019	2018
Hiti og rafmagn.....	0 kr.	469.810 kr.
Mánaðargjald Posa.....	0 kr.	95.923 kr.
Fundarkostnaður.....	0 kr.	35.190 kr.
Fánar fyrir opnunarhátíð.....	94.104 kr.	0 kr.
Upptökubúnaður.....	240.466 kr.	0 kr.
Handboltamörk v. Landsmóts.....	100.403 kr.	0 kr.
Annað.....	0 kr.	85.295 kr.
Samtals:	434.973 kr.	686.218 kr.

Ársskýrsla aðalstjórnar Sindra

6. Afskriftir	Kaup	Sala
Bókfært virði OZR-29.....	2.209.800 kr.	
Söluandvirði OZR-29.....		870.000 kr.
Afskriftir.....		1.339.800 kr.
Samtals:	2.209.800 kr.	2.209.800 kr.

7. Styrkir til deilda/húsn.	2019	2018
Lottó styrkur.....	2.816.818 kr.	2.413.083 kr.
Landsmót (Sjoppa).....	3.339.486 kr.	0 kr.
17. júní styrkur.....	800.000 kr.	400.000 kr.
Leikjanámskeið.....	1.500.000 kr.	750.000 kr.
Landsbankastyrkur.....	1.200.000 kr.	1.200.000 kr.
Olísstyrkur.....	800.000 kr.	800.000 kr.
Hótel Höfn.....	530.000 kr.	530.000 kr.
Kartöfluhúsið.....	155.000 kr.	240.000 kr.
Samtals:	11.141.304 kr.	6.333.083 kr.

Tekjur af sjoppuni á Landsmóttinu fór til deilda og í Bílakaupasjóð

Greiðsla fyrir leikjanámskeið og 17. júní að hluta innifalið í rekstrarstyrk sveitarfélagsins

8. Fastafjármunir	2019	2018
		28.005.680
Hafnarbraut 15 (47,6% hlutur).....	28.005.680 kr.	kr.
9 manna rúta (OZR-29/Renault Trafic)	0 kr.	2.209.800 kr.
9 manna rúta (RLL-26/Toyota Proace Verso)	4.740.000 kr.	0 kr.
14 manna rúta (YI-654).....	1.445.000 kr.	1.445.000 kr.
21 manna rúta (50% hlutur).....	3.431.875 kr.	3.431.875 kr.
Kerra.....	40.000 kr.	40.000 kr.
Sölugámur.....	200.000 kr.	200.000 kr.
Hljóðkerfi.....	200.000 kr.	200.000 kr.
Samtals:	38.062.555 kr.	35.532.355 kr.

AG-K50 seldur á 300.000 kr. á árinu 2018

OZR-29 seldur á 870.000 kr. á árinu 2019

RLL-26 Keyptur á 4.740.000 kr. árinu 2019

50% hlutur á 21 manna rútu er á móti Fallastakk

47,6% hlutur vegna Hafnarbrautar 15 er á móti Sveitarfélaginu Hornafjörður

9. Ökutækjastyrkur	Endurgreitt	Greitt
Ökunám 21.03.2019.....	0 kr.	300.000 kr.
Endurgr. 24.10.2019.....	25.000 kr.	0 kr.
Endurgr. 02.12.2019.....	15.000 kr.	0 kr.
Endurgr. 31.12.2019.....	140.000 kr.	0 kr.
Skuldastaða 31.12.....	120.000 kr.	0 kr.
Samtals:	300.000 kr.	300.000 kr.

Ársskýrsla aðalstjórnar Sindra

10. Uppgjör v. deilda 2019

	<u>2019</u>
Húsfélag.....	
Brunatrygging.....	166.952 kr.
Fasteignatrygging.....	173.472 kr.
Yngri flokkar	27.700 kr.
Samtals:	368.124 kr.

Uppgjör v. deilda 2018

	<u>Endurgreitt 2019</u>	<u>Greitt 2018</u>
Bílaleigubíll 07.04.....	46.600 kr.	46.600 kr.
Tækifærisleyfi 12.11.....	0 kr.	31.500 kr.
Flug Crystal.....	33.496 kr.	33.496 kr.
Gistingin 18.08 & 09.08.....	89.234 kr.	89.234 kr.
Launatengd gj. DES.....	55.128 kr.	55.128 kr.
Samtals:	224.458 kr.	255.958 kr.

11. Kröfur á deildir 31.des

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Knattspyrnudeild 2010-2015.....	1.511.014 kr.	1.511.014 kr.
Knattspyrnudeild v. 2016.....	724.293 kr.	724.293 kr.
Körfuknattleiksdeild.....	483.640 kr.	483.640 kr.
Blakdeild.....	27.000 kr.	27.000 kr.
Hnitdeild.....	30.000 kr.	30.000 kr.
Samtals:	2.775.947 kr.	2.775.947 kr.

12. Innistæður á bankareikn. 31.12

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Tékkareik.....	1.912.418 kr.	1.870.836 kr.
Vaxtareikn.....	1.792.167 kr.	2.415.867 kr.
Samtals:	3.704.585 kr.	4.286.703 kr.
Húsa- og bílasjóður.....	5.158.615 kr.	6.183.692 kr.
Saga Sindra.....	1.339.860 kr.	1.297.232 kr.
Samtals:	6.498.475 kr.	7.480.924 kr.